



KPMG ehf. Skýrsla um gagnsæi

Desember 2015

Efnisyfirlit

- 1 Félagsform og eignarhald
 - 1.1 Almennt
 - 1.2 Rekstrarform og eignarhald
 - 1.3 Stjórnskipulag
 - 1.4 Gildi
 - 1.5 Fjárhagslegar upplýsingar
- 2 Gæðaeftirlit
 - 2.1 Inngangur
 - 2.2 Stjórnendur og gæðastjórnun - reglur og verklag
 - 2.3 Óhæði og siðferði
 - 2.3.1 Almennt
 - 2.3.2 Reglur um óhæði og eftirlit
 - 2.3.3 Fyrirfram samþykki fyrir endurskoðunarþjónustu
 - 2.3.4 Starfstengsl
 - 2.3.5 Hagsmunaárekstrar
 - 2.3.6 Verklag við athugun á hagsmunaárekstrum
 - 2.3.7 Trúnaðarskylda gagnvart viðskiptavinum
 - 2.3.8 Varðveisla gagna
 - 2.3.9 Starfstími endurskoðenda
 - 2.4 Samþykki viðskiptavina og verkefna og áframhaldandi viðskipti
 - 2.4.1 Almennt
 - 2.4.2 Mat á væntanlegum viðskiptavinum og verkefnum
 - 2.4.3 Áframhaldandi viðskipti
 - 2.5 Framkvæmd verkefna
 - 2.5.1 Almennt
 - 2.5.2 Aðferðafræði við endurskoðun
 - 2.5.3 Verkstjórn, yfirferð og samráð
 - 2.6 Starfsmannamál
 - 2.6.1 Fræðsla og símenntun
 - 2.7 Innra eftirlit
 - 2.8 Ytra eftirlit
 - 2.9 Skuldbinding KPMG varðandi gæðamál
- 3 Staðfesting stjórnenda

Viðauki I

1. Félagsform og eignarhald

1.1. Almenn

KPMG er alþjóðlegt net fyrirtækja sem veita sérfræðipjónustu á sviði endurskoðunar og ráðgjafar. Á heimsvísu starfa um 162 þúsund starfsmenn hjá KPMG í 155 löndum. Samstarf þessa stóra hóps byggir á reglubundnu gæðaeftirliti og aðgangi að upplýsingum sem tryggir fagþekkingu af bestu gerð og sömu þjónustu í öllum heimshornum.

Nánari upplýsingar um þjónustuframboð KPMG á Íslandi má finna á vefsíðunni kpmg.is.

1.2 Rekstrarform og eignarhald

KPMG ehf. var stofnað 4. september 1975. Félagið varð aðili að alþjóðlega KPMG netinu árið 1985.

Félagið er aðili að KPMG International, a Swiss Cooperative (“KPMG International”), sem stofnað er samkvæmt svissneskum lögum. Nánari upplýsingar um starfsemi KPMG International má nálgast í skýrslu þess félags um gagnsæi á vefsíðunni kpmg.com.

Félagið er einkahlutafélag, hluthafar í félaginu eru 36 og eiga þeir allir jafnan hlut. Listi yfir eigendur er aðgengilegur á vefsíðu félagsins, kpmg.is.

Félagið hefur réttindi til endurskoðunarstarfa samkvæmt leyfisbréfi efnahags- og viðskiptaráðuneytisins. Endurskoðendanúmer félagsins er EF-2011-003.

1.3 Stjórnskipulag

Stjórnskipulag félagsins er tilgreint í samþykktum þess og samkvæmt þeim fara eftirfarandi með stjórn KPMG ehf.:

- a) Hluthafafundir.
- b) Stjórn félagsins.
- c) Framkvæmdastjóri.

Stjórn félagsins er skipuð fimm einstaklingum sem kjörnir eru á hluthafafundi og eru þeir allir hluthafar. Stjórnina skipa eftirfarandi:

Svanbjörn Thoroddsen, stjórnarformaður

Helga Harðardóttir

Sigurður Jónsson

Símon Á. Gunnarsson, varaformaður

Soffía Eydís Björgvinsdóttir

Framkvæmdastjóri félagsins, Jón S. Helgason, er hluthafi en er ekki í stjórn félagsins.

KPMG á Íslandi er skipt í þrjú tekjusvið. Þau eru:

Endurskoðunarsvið, forstöðumaður er Guðný H. Guðmundsdóttir. Innan endurskoðunarsviðs starfar uppgjors- og bókhaldssvið sem Eyvindur Albertsson veitir forstöðu.

Ráðgjafarsvið, forstöðumaður er Benedikt K. Magnússon.

Skatta- og lögfræðisvið, forstöðumaður er Alexander Eðvardsson.

1. Félagsform og eignarhald

1.4 Gildi

Eitt af því sem öll aðildarfélög KPMG International eiga sameiginlegt eru gildi (values) um starfsemi þeirra. Gildin eru svohljóðandi:

Við erum góð fyrirmynd – á öllum stigum og komum fram með þeim hætti sem sýnir glöggst hverju við búumst við hvert af öðru og af viðskiptavinum okkar.

Við vinnum saman – og náum fram því besta hvert hjá öðru og sköpum sterkt og árangursríkt vinnuumhverfi.

Við virðum hvert annað – virðum einstaklinga eins og þeir eru og virðum þekkingu þeirra, hæfileika og reynslu sem einstaklingar og meðlimir ráðgjafarteymis.

Við kryfjum málin til mergjar – vefengjum ályktanir, leitum staðreynda og styrkjum orðspor okkar sem traustir og óhlutdrægir viðskiptaráðgjafar.

Við erum opin og einlæg í samskiptum – skiptumst reglulega á upplýsingum, miðlum af reynslu og tökumst á við erfiðar aðstæður af hugrekki og hreinskilni.


Við erum ábyrgir og virkir þjóðfélagsþegnar – við komum fram sem ábyrgir meðlimir viðskiptalífsins og eflum kunnáttu okkar, reynslu og yfirsýn í gegnum störf okkar í samfélaginu.

Allt sem við gerum endurspeglar heilindi – við stefnum ætíð að því að fylgja ströngustu faglegu kröfum, veita áreiðanlega ráðgjöf og viðhalda óhæði okkar af nákvæmni.

1.5 Fjárhagslegar upplýsingar

Á rekstrarárinu 1. október 2014 til 30. september 2015 var heildarvelta KPMG á Íslandi rúmir 3,8 milljarðar króna. Seld þjónusta var samkvæmt neðangreindu:

Velta á endurskoðunarsviði var samtals um 2,6 milljarðar. Þar af voru 1,2 milljarðar vegna endurskoðunar og könnunar á árshlutareikningum þeirra fyrirtækja sem endurskoðuð voru, en 1,4 milljarðar vegna vinnu við óendurskoðuð reikningskil og bókhaldsvinnslu. Velta ráðgjafarsviðs og skatta- og lögfræðisviðs við ýmis konar ráðgjöf og aðstoð í skattamálum var samtals 1,2 milljarðar.



2. Gæðaeftirlit

2.1 Inngangur

KPMG á Íslandi starfar samkvæmt gæðakröfum KPMG International, þar á meðal kröfum um óhæði, sem byggðar eru á stöðlum alþjóðlegra samtaka endurskoðenda (International Federation of Accountants – IFAC).

Að því er gæðaeftirlit varðar starfar KPMG á Íslandi í samræmi við kerfi sem KPMG International mælir fyrir um og er í samræmi við grundvallarkröfur alþjóðlegra staðla (International Standard of Quality Control 1 – ISQC). Þær grundvallarkröfur sem gilda um starfsemi KPMG ná til eftirfarandi þátta:

- Stjórnunar og gæðamála.
- Óhæðis og siðferðis.
- Samþykkis viðskiptavina og verkefna og áframhaldandi viðskipta.
- Framkvæmdar einstakra verkefna.
- Starfsmannamála.
- Eftirlits og framkvæmdar laga og reglna.

KPMG lítur svo á að áhættu- og gæðastjórnun sé á ábyrgð sérhvers eiganda og starfsmanns félagsins. Eðlislægur þáttur í þessari ábyrgð er nauðsyn þess að skilja og fylgja af árvekni reglum sem KPMG International setur og einnig reglum sem KPMG á Íslandi setur í samræmi við íslensk lög og reglur.

2.2 Stjórnendur og gæðastjórnun – reglur og verklag

Stjórnendur hjá KPMG hafa tileinkað sér stefnumótun KPMG International sem kveður á um sameiginlega skuldbindingu allra aðildarfyrirtækja um að starfa á grundvelli gilda KPMG International. Gildin eru ríkur þáttur í stjórnun fyrirtækis okkar, þau eru samofin reglulegri þjálfun starfsmanna fyrirtækisins og eru leiðarljós þeirra frammistöðumarkmiða sem sett eru.

Fylgni við reglur og verkferla KPMG varðandi gæðamál eru á ábyrgð allra starfsmanna en reyndir leiðtogar bera meginábyrgð á áhættu- og gæðastjórnun. Þeir bera ekki ábyrgð á eða koma að daglegum rekstri fyrirtækisins og viðskiptaáætlunum. Umfram allt skulu starfsmenn KPMG starfa af heiðarleika að því að veita viðskiptavinum fyrirtækisins þjónustu og er stjórnskipulagi KPMG á Íslandi ætlað að styðja við þetta markmið. Meginábyrgðin á áhættustjórnunar- og gæðamálum fyrirtækisins er hjá framkvæmdastjóra, áhættustjóra (Risk Management Partner), gæðastjóra (Quality Performance Lead Partner) og sérfræðiteymi (Department for Professional Practise).

2. Gæðaeftirlit

2.3 Óhæði og siðferði

2.3.1 Almennt

Hér á eftir er í stuttu máli gerð grein fyrir þeim reglum, aðferðum og verklagi sem gilda varðandi óhæði og siðferði. Þessar reglur, verklag og aðferðir eru settar af KPMG International í því skyni að tryggja samræmi milli aðildarfyrirtækja KPMG og að aðildarfyrirtækin fylgi alþjóðlega viðurkenndum stöðlum á þeim sviðum sem fyrirtækin starfa.

Til að stuðla að óhæði, heiðarleika, góðu siðferði og hlutleysi KPMG og starfsmanna, ber félaginu, eigendum þess, stjórnendum og öðrum starfsmönnum, sem vinna að einstökum endurskoðunar-, könnunar- og staðfestingarverkefnum, að vera fjárhagslega óháðir viðskiptavininum, auk þess sem þeir mega ekki vera tengdir honum, stjórnendum hans eða stórum eignaraðilum að öðru leyti. KPMG fylgir reglum sem hvetja og skylda eigendur og starfsmenn fyrirtækisins til að vinna verkefni sín af

heiðarleika, hlutleysi og kostgæfni auk þess að fylgja ætíð settum siðareglum, lögum, reglum og faglegum stöðlum. Gildi KPMG undirstrika þessar reglur og leggja línurnar um faglega framkomu KPMG og starfsmanna fyrirtækisins. Það er á ábyrgð starfsmanna KPMG að viðhalda heiðarleika og hlutleysi sínu, fylgja ítrustu faglegu kröfum í störfum sínum og fara að viðkomandi reglum sem gilda um faglegt siðferði og óhæði í þeim verkefnum sem þeir taka sér fyrir hendur.

2.3.2 Reglur um óhæði og eftirlit

KPMG fylgir alþjóðlegum reglum sem skylda fyrirtækið til að innleiða nánari reglur og verkferla varðandi óhæði í störfum og kynna ítarlega fyrir starfsmönnum sínum. Þessar reglur og verkferlar uppfylla og ganga að ýmsu leyti lengra en reglur sem alþjóðleg samtök endurskoðenda hafa sett um óhæði (IFAC Code of Ethics for Professional Accountants) og eftir atvikum aðrar viðeigandi reglur sem settar hafa verið.

Fyrirtækið fylgir alþjóðlegum reglum og íslenskum lögum, þar á meðal varðandi bann eða takmarkanir í tengslum við fjárhagslega hagsmuni, viðskiptasambönd, starfstengsl og starfstíma endurskoðenda. KPMG notar ákveðið verklag til að fylgja eftir framkvæmd slíkra reglna.

KPMG notar vefkerfi sem hannað er til að skrá og fylgjast með fjárfestingum starfsmanna sinna. (KPMG Independence Compliance System – KICS).

KICS heldur utanum og auðveldar eftirlit með fjárfestingum sem eigendum og stjórnendum hjá félaginu er skylt að tilkynna, svo sem hlutafjäreign í skráðum félögum. Hluthöfum og stjórnendum hjá fyrirtækinu er skylt að skrá tilkynningarskyldar fjárfestingar í KICS innan 14 daga frá því að eignartilfærsla á sér stað, hvort sem um kaup eða sölu er að ræða. Ef eigendur eða starfsmenn eru í þeirri stöðu að eignarhald í tilteknu félagi geti leitt til brota á óhæðisreglum ber þeim að losa sig við slíka fjárfestingu innan fimm virkra daga. Starfsmönnum ber árlega að staðfesta skriflega óhæði sitt í samræmi við reglur KPMG.

KPMG hefur sett skriflegar reglur um agaviðurlög ef einstaklingur brýtur gegn reglum um óhæði. Hvert tilvik er skoðað og viðurlög ákveðin í samræmi við alvarleika brots. Ströngustu viðurlög eru brottrekstur. Agareglurnar eru birtar á innra neti fyrirtækisins.



2. Gæðaeftirlit

2.3.3 Fyrirfram samþykki fyrir endurskoðunarþjónustu

Sú þjónusta sem KPMG veitir viðskiptavinum sínum í endurskoðun skal uppfylla viðeigandi kröfur tengdar siðareglum, faglegum stöðlum og reglum settum af opinberum aðilum. Kröfur um óhæði endurskoðenda ná meðal annars til takmarkana á því hvers konar þjónustu veita megi viðskiptavinum í endurskoðun og kröfu um að tiltekin þjónusta sem veita á skuli fyrirfram hljóta samþykki endurskoðunarnefndar eða sambærilegs aðila. Reglur og verklag KPMG endurspeglar þessar kröfur og er ætlað að koma í veg fyrir að slík þjónusta sé veitt án þess að fyrir liggi fyrirfram veitt samþykki viðkomandi viðskiptavinar í endurskoðun.

KPMG fylgir einnig reglum og verkferlum um samþykki aðalendurskoðanda (lead audit engagement partner) fyrir því að önnur þjónusta en endurskoðun sé veitt. Tilgangur slíkra reglna er að tryggja samskipti milli mismunandi teyma innan fyrirtækisins sem þjónusta sama viðskiptavin.

Rafrænt kerfi KPMG um samþykki verkefna (Sentinel) býður upp á þann möguleika að aðalendurskoðandi þurfi ætíð fyrirfram að veita samþykki sitt fyrir verkefnum sem unnin eru fyrir viðskiptavininn, ýmist af aðilum innan fyrirtækisins eða af öðrum aðildarfyrirtækjum KPMG International eða hafna því að þjónustan verði veitt.

2.3.4 Starfstengsl

Allir eigendur og starfsmenn KPMG sem þjónusta viðskiptavinum í endurskoðun skulu tilkynna þeim aðila sem ber ábyrgð á óhæðismálum fyrirtækisins (Ethics and Independence Partner) ef þeir hyggjast ganga til viðræðna um starf hjá viðskiptavinum í endurskoðun. Þeir einstaklingar eru þá þegar látnir hætta í viðkomandi endurskoðunarteymi og koma ekki frekar að verkefninu. Sérstaklega er horft til þess að láta fara fram óháð mat á mikilvægum skoðunum sem viðkomandi einstaklingur hefur gert í endurskoðuninni.

Ef meðlimur endurskoðunarteymis, eigandi eða fyrrverandi eigandi, hefur störf hjá viðskiptavinum í endurskoðun er við skipulagningu endurskoðunarinnar horft sérstaklega til þess hvort þörf sé á viðbótaraðgerðum við endurskoðunina. Við ákvörðun um slíkar aðgerðir er horft til stöðu viðkomandi einstaklings hjá viðskipta-vininum, umfangs starfa einstaklingsins og hlutverks í endurskoðunarteyminu, hve langur tími hefur liðið frá því að einstaklingurinn var í endurskoðunarteyminu eða starfsmaður KPMG og stöðu hans hjá KPMG. Viðbótaraðgerðir geta falið í sér að meta nauðsyn þess að breyta skipulagi endurskoðunarinnar, fá starfsmann í endurskoðunarteymið sem hefur a.m.k. jafnmikla reynslu og hinn fyrrverandi starfsmaður, fá starfsmann til viðbótar sem ekki var í endurskoðunarteyminu til að fara yfir þá vinnu sem framkvæmd hefur verið eða eftir atvikum veita ráð og framkvæma sérstaka gæðaúttekt á endurskoðunarverkefninu.

KPMG hefur sett um þetta skriflega verklagsreglu sem birt er á innra neti fyrirtækisins.

2.3.5 Hagsmunaárekstrar

Óhæði, heiðarleiki og hlutleysi eru meginstoðir þeirra reglna sem gilda í starfsemi KPMG og er ætlað að draga verulega úr hættu á að hagsmunaárekstrar komi upp. Hagsmunaárekstrar teljast vera aðstæður þegar vel upplýstur og skynsamur aðili telur að þær hafi áhrif á hæfni fyrirtækisins eða einstakra starfsmanna í ásýnd eða reynd til að sinna störfum sínum af hlutleysi. KPMG fylgir verklagsreglum sem kveða á um að starfsmenn skuli vera vakandi fyrir raunverulegum eða hugsanlegum hagsmunaárekstrum, koma auga á þá eins fljótt og unnt er og leysa úr þeim, ýmist með aðgerðum til að draga úr þeim eða forðast þá. KPMG fylgir ákveðnu verklagi við mat á væntanlegum viðskiptavinum og verkefnum og er í því ferli farið yfir spurningar sem lúta að hugsanlegum hagsmunaárekstrum. Getur niðurstaða þeirrar yfirferðar leitt til þess að KPMG geti ekki tekið að sér að sinna tiltekinni þjónustu.

2. Gæðaeftirlit

2.3.6 Verklag við athugun á hagsmunaárekstrum

KPMG á Íslandi er aðili að alþjóðlegu neti KPMG fyrirtækja sem sérstaklega er hannað í því skyni að koma auga á mögulega hagsmunaárekstra á alþjóðavísu. Fyrirtækið heldur utanum upplýsingar í því skyni að miðla til verkefnateyma innan fyrirtækisins og til annarra aðildarfyrirtækja KPMG vitneskju um hugsanleg atvik sem leitt geta til hagsmunaárekstra. Gert er ráð fyrir að viðkomandi aðilar svari fyrirspurnum skjótt til að tryggja gott samráð áður en ákvörðun er tekin um að hefja viðskipti eða taka við verkefni. Ef hugsanlegir hagsmunaárekstrar koma í ljós í þessu ferli ber þeim eiganda sem ábyrgur er fyrir verkefninu að leysa úr þeim eða forðast þá í samráði við áhættustjóra fyrirtækisins.

Ef verkefni er samþykkt þarf í sumum tilvikum að setja upp hindranir innan fyrirtækisins í tengslum við framkvæmd verkefnis svo sem varðandi þá starfsmenn sem koma mega að verkefninu. Ef ekki er hægt að leysa úr hagsmunaárekstrum eða draga nægilega úr þeim ber KPMG að hafna því að taka að sér verkefnið.

2.3.7 Trúnaðarskylda gagnvart viðskiptavinum

KPMG gætir þess í störfum sínum að halda trúnað gagnvart núverandi og fyrrverandi viðskiptavinum og er það í samræmi við lög, reglur og faglega staðla. Í þessu felst meðal annars krafa um að starfsmenn staðfesti árlega skilning sinn á þeim reglum sem gilda um trúnað gagnvart viðskiptavinum og að þeir hafi gætt þess að fylgja þeim reglum í hvívetna.

2.3.8 Varðveisla gagna

KPMG starfar á grundvelli skriflegra reglna um að allar afurðir verkefna skuli byggðar á vinnu sem skrásett hefur verið með viðeigandi hætti í vinnugögnum. Að auki hefur fyrirtækið skriflegar verklagsreglur um varðveislu endurskoðunargagna sem eru í samræmi við lög og faglega staðla. Jafnframt er í þeim reglum fjallað um það verklag sem viðhafa skal ef beiðnir koma frá utanaðkomandi aðilum um aðgang að gögnum fyrirtækisins.

2.3.9 Starfstími endurskoðenda

Endurskoðendur hjá KPMG fylgja þeim reglum um starfstíma sem tilgreindar eru í 20. gr. laga um endurskoðendur nr. 79/2008. Í þeim reglum felst meðal annars að endurskoðandi sem ber ábyrgð á endurskoðun einingar tengdrar almannahagsmunum skuli taka sér hlé frá endurskoðun þeirrar einingar í a.m.k. tvö ár samfellt eigi síðar en sjö árum eftir að honum var falið verkið. Sama gildir um endurskoðendur þeirra dótturfélaga sem hafa verulega þýðingu innan samstæðunnar.

Sérreglur gilda um starfstíma endurskoðenda hjá fjármálafyrirtækjum og váttryggingafélögum. Í 2. mgr. 90. gr. laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002, sbr. 48. gr. laga nr. 75/2010, segir að endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtæki skuli kjósa til fimm ára á aðalfundi fjármálafyrirtækis. Óheimilt er að kjósa sama endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtæki fyrr en að fimm árum liðnum frá því að starfstíma lauk. Gert er ráð fyrir að þrátt fyrir ákvæði um fimm ára starfstíma geti fjármálafyrirtæki vikið endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtæki frá áður en fimm ára kjörtímabili lýkur að fengnu álitni endurskoðendaráðs. Í ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 75/2010 segir síðan að þrátt fyrir ákvæði um fimm ára starfstíma sé endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtæki sem veitt hefur fjármálafyrirtæki þjónustu sína í þrjú ár eða skemur fyrir gildistöku laganna heimilt að veita því félagi þjónustu í fimm ár frá gildistöku. Hafi þjónusta verið veitt lengur en þrjú ár fyrir gildistöku laganna er endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtæki heimilt að veita fjármálafyrirtæki þjónustu í þrjú ár eftir gildistöku laganna. Sambærileg ákvæði eru í lögum um váttryggingastarfsemi nr. 56/2010.

Fyrirtækið heldur sérstaka skrá yfir endurskoðendur og verkefni þeirra í því skyni að fylgjast með að reglum um starfstíma sé framfylgt. Skrá þessi gefur einnig fyrirtækinu og endurskoðendum tækifæri til að bregðast tímanlega við og skipuleggja framhald vinnu fyrir viðskiptavininn. Skrá þessi og framkvæmd reglna um starfstíma endurskoðenda sæta gæðaeftirliti innan fyrirtækisins.

2. Gæðaeftirlit

2.4 Samþykki viðskiptavina og verkefna og áframhaldandi viðskipti

2.4.1 Almenn


KPMG fylgir ítarlegum reglum um skilyrði fyrir samþykki viðskiptavina og verkefna og einnig varðandi áframhaldandi viðskipti. Rétt framkvæmd slíkra reglna er mikilvæg fyrir fyrirtækið til að geta veitt þjónustu í háum gæðaflokki. Skriflegar reglur gilda um það með hvaða hætti ákveða skuli hvort stofnað verði til nýrra viðskipta og einnig hvort tiltekið verkefni verði unnið fyrir núverandi eða tilvonandi viðskiptavin. Í öllum tilvikum er ákvörðun um að samþykkja viðskipti eða halda þeim áfram skrásett og undirrituð af aðilum innan fyrirtækisins sem til þess hafa heimild, meðal annars í samræmi við áhættureglur fyrirtækisins. Er í þessu skyni skylt að nota stöðluð eyðublöð.

2.4.2 Mat á væntanlegum viðskiptavinum og verkefnum

Mat er framkvæmt og skrásett varðandi alla væntanlega viðskiptavini og verkefni áður en ákvörðun er tekin um að samþykkja eða hafna viðskiptum. Þetta ferli felur í sér að lagt er mat á þá áhættu sem tengst getur viðskiptavininum eða verkefninu. Atriði sem skoðuð eru varða meðal annars eftirfarandi:

- Viðskiptavinurinn (fjárhagsstaða, orðspor og heilindi stjórnenda og helstu eigenda).
- Atvinnugreinin (á hvaða sviði viðskiptavinurinn starfar, framleiðsluvörur og samkeppnisaðilar).
- Þjónustan sem veita á (hæfni KPMG og áhættan af því að veita þjónustuna).
- Óhæði og hugsanlegir hagsmunaárekstrar (starfstengsl eða viðskiptatengsl, núverandi eða fyrrverandi, samræmi við aðra veitta þjónustu eða þjónustu sem óheimilt er að veita viðkomandi viðskiptavin).

KPMG á Íslandi metur sjálf hvort viðskiptavinur eða verkefni verða samþykkt. KPMG á Íslandi hefur ekki heimild til að skuldbinda önnur aðildarfyrirtæki KPMG til að vinna verkefni án samþykkis þeirra fyrirtækja.



2. Gæðaeftirlit

2.4.3 Áframhaldandi viðskipti

KPMG endurmetur reglulega viðskiptavinum sína og verkefni og hvort halda eigi viðskiptasamböndum áfram. Almenn er þetta endurmat framkvæmt einu sinni á ári á viðskiptavinum í endurskoðun, á þriggja ára fresti á öðrum viðskiptavinum og þegar verulegar breytingar hafa orðið á áhættuþáttum tengdum viðskiptavininum eða verkefninu. Atriði sem skoðuð eru varða meðal annars hvort verulegar breytingar hafi orðið á eftirfarandi:

- Eðli, stærð eða skipulagi hjá viðskiptavini, svo sem hvort önnur fyrirtæki hafi verið keypt eða stór hluti fyrirtækis seldur.
- Fjárhagslegri stöðu.
- Eignarhaldi.
- Stjórnun, stærstu eigendum eða lykilstarfsmönnum.
- Heilindum núverandi stjórnenda eða stærstu eigenda.
- Kröfum laga, reglna eða faglegra staðla sem haft geta áhrif á eða breytt upplýsingaskyldu KPMG eða eðli þeirrar þjónustu sem veitt er.
- Öðrum atriðum sem haft geta áhrif á áhættumat viðskiptavinarins eða verkefnisins, svo sem tiltekna niðurstöður endurskoðunar.

Þetta ferli krefst þess að skrásettar séu ástæður fyrir endurmati, aðferðir sem notaðar eru og rökstuddar niðurstöður. Við þetta endurmat er skylt að nota stöðluð eyðublað. Ef niðurstaðan er sú að hætta skuli viðskiptum eða framkvæmd tiltekins verkefnis er samráð haft við áhættustjóra fyrirtækisins (Risk Management Partner).

2.5 Framkvæmd verkefna

2.5.1 Almenn

KPMG vinnur alla endurskoðunarvinnu í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og leggur mikla áherslu á að endurskoðunin uppfylli ytrustu gæðakröfur í samræmi við væntingar viðskiptavina, fjárfesta og annarra sem hagsmuna hafa að gæta. Við leitum stöðugt leiða til að gera endurskoðunina sem áreiðanlegasta og ekki síður til að hún sé unnin á sem skilvirkastan og hagkvæmastan hátt.

2. Gæðaeftirlit

2.5.2 Aðferðafræði við endurskoðun

Aðferðafræði KPMG við endurskoðun (KPMG Audit Methodology) hefur verið þróuð í samræmi við kröfur í alþjóðlegum endurskoðunarstöðlum (ISA). Hún byggir á ítarlegu mati á þeirri hættu að skekkja sé í reikningsskilunum, í því skyni er litið m.a. til þeirrar atvinnugreinar sem viðskiptavinurinn starfar í, uppbyggingu fyrirtækisins og innra eftirlits þess. Aðferðafræðin skiptist í eftirfarandi fjögur stig:

- Skipulagning, þar sem markmiðið er að:
 - Afla upplýsinga og öðlast skilning á starfsemi viðskiptavinarins, atvinnugrein og umhverfi, reikningsskilaaðferðum hans og fjárhagslegri stöðu.
 - Meta hættu á skekkju í reikningsskilunum, þar á meðal áhættu varðandi villur og sviksemi.
 - Móta áætlun um endurskoðun með hliðsjón af slíkri áhættu.
 - Skipuleggja endurskoðunaraðgerðir vegna annarra mikilvægra og verulegra þátta.
- Mat á eftirlitsþáttum, þar sem markmiðið er að:
 - Afla upplýsinga um reikningshald og reikningsskil.
 - Meta hönnun og innleiðingu eftirlits.
 - Prófa virkni eftirlitsaðgerða.
 - Meta eftirlitsáhættu og hættu á verulegri skekkju.
- Gagnaendurskoðun, þar sem markmiðið er að:
 - Skipuleggja gagnaendurskoðun
 - Framkvæma gagnaendurskoðun
 - Meta hvort nægilegra endurskoðunargagna hafi verið aflað.
- Lok endurskoðunar, þar sem markmiðið er að:
 - Framkvæma lokaðgerðir sem felast meðal annars í heildarskoðun ársreikninga og komast að niðurstöðu varðandi einstök atriði í þeim og varðandi atriði tengd mögulegri sviksemi.
 - Leggja mat á niðurstöðu endurskoðunarinnar í heild.
 - Árita reikningsskilin.



2. Gæðaeftirlit

2.5.3 Verkstjórn, yfirferð og samráð

Verkstjórn felst í því að nýta sem best sérfræðinga KPMG í að vinna að þeim markmiðum sem sett eru varðandi endurskoðun og fylgjast með að þeim markmiðum sé náð. Verkstjórnin felur jafnframt í sér teymisvinnu og þjálfun, að fylgjast með framgangi endurskoðunarverkefnis, taka til umfjöllunar mikilvæg atriði, breyta eftir þörfum þeim áætlunum sem gerðar hafa verið, koma auga á málefni sem þörf er á að fara yfir og hafa samráð um við reyndari meðlimi endurskoðunarteymis.

Vinna sem unnin er í hverju endurskoðunarverkefni er yfirfarin af öðrum í teyminu sem er a.m.k. jafn hæfur og reyndur. Markmiðið með slíkri yfirferð er að greina hvort:

- Vinnan hafi verið í samræmi við lög og faglega staðla.
- Mikilvæg atriði hafi verið yfirfarin og rædd við viðeigandi aðila.
- Vinnan leggi nægilegan grunn að niðurstöðum og hafi verið skjalfest með réttum hætti.
- Gögn sem safnað hefur verið til að sannreyna upplýsingar séu nægileg til að styðja við niðurstöður endurskoðunarinnar.
- Markmiðum verkefnisins hafi verið náð.

Hvatt er til samráðs við aðra innan fyrirtækisins um erfið eða umdeild atriði og í sumum tilvikum er skylt að viðhafa slíkt samráð. Gætt er að reglum um trúnað um málefni viðskiptavina þegar slíkt samráð er viðhaft. Reglur KPMG gera ráð fyrir að slíkt samráð sé skrásett, þar á meðal málefnið sem um ræðir, umfang þess og þær niðurstöður sem komist er að.

Skylt er að viðhafa sérstakt gæðaeftirlit í ákveðnum tilvikum af hálfu endurskoðanda sem að öðru leyti er ekki meðlimur endurskoðunarteymis. Slík skylda er fyrir hendi þegar um er að ræða fyrirtæki eða stofnanir tengdar almannahagsmunum, verkefni sem eru árituð öðruvísi en með fyrirvaralausri áritun, verkefni sem krefjast tveggja endurskoðenda á grundvelli laga og reglna og önnur verkefni sem skilgreind eru með mikla áhættu.

Skilgreining á fyrirtæki eða stofnun tengdri almannahagsmunum er í lögum um endurskoðendur og er eftirfarandi:

- a. Lögaðili sem er með skráð lögheimili á Íslandi og hefur verðbréf sín skráð á skipulegum verðbréfamarkaði í ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins, í aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða í Færeyjum.
- b. Lífeyrissjóður sem hefur fullgilt starfsleyfi.
- c. Lánastofnun eins og hún er skilgreind í lögum nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki.
- d. Félag sem hefur starfsleyfi til að reka váttryggingastarfsemi hér á landi samkvæmt lögum nr. 60/1994, um váttryggingastarfsemi.

Skrá yfir einingar tengdar almannahagsmunum sem KPMG á Íslandi annaðist lögboðna endurskoðun fyrir vegna ársins 2014 er að finna í viðauka I.

2. Gæðaeftirlit


2.6 Starfsmannamál

Starfsmannastefna KPMG á Íslandi tekur meðal annars til eftirfarandi atriða:

- Ráðninga.
- Frammistöðumats.
- Starfsþróunar.
- Starfs saga.
- Kjaramála.
- Starfsins og fjölskyldunnar.
- Starfsmannaskipta milli aðildarfyrirtækja KPMG.

Það er stefna KPMG að setja starfsmenn í verkefni á grundvelli hæfileika þeirra, menntunar og reynslu með það að markmiði að þeir geti veitt viðskiptavininum sérfræðipjónustu í samræmi við þarfir hans. KPMG hefur formlegt frammistöðumatskerfi sem ætlað er að meta reglulega alla starfsmenn fyrirtækisins. Niðurstöður eftirlits sem lýst er í kafla 2.6 hafa áhrif á frammistöðumatið. KPMG hefur einnig tiltekið verklag varðandi starfsþróun starfsmanna.

Starfskjör eigenda eru ákvörðuð af launanefnd sem fjallar sérstaklega um kjaramál þeirra. Breytingar á launum eigenda byggjast á starfsþróun, árangri í starfi og mati á markaðsaðstæðum. Starfsmannahandbók fyrirtækisins er aðgengileg starfsmönnum á innra neti.



2.6.1 Fræðsla og símenntun

Fræðsla og símenntun er einn af hornsteinum í starfsemi KPMG enda er til þess ætlast að hver starfsmaður sem sinnir faglegri þjónustu nýti að lágmarki 120 klukkustundir til þekkingaröflunar á hverju þriggja ára tímabili. Endurmenntun endurskoðenda er skipulögð í samræmi við kröfur 7. gr. laga um endurskoðendur nr. 79/2008.

Fræðslumál eru á ábyrgð starfsmannastjóra sem vinnur ásamt framkvæmdastjóra og sviðsstjórum að fræðslustefnu fyrir hvert starfsár. Starfsmenn bera ábyrgð á sinni endurmenntun ásamt stjórnendum félagsins og ber hverjum og einum að fylgjast með og meta reglulega eigin þörf fyrir endurmenntun.

Þekkingarmiðlun er stór þáttur í samstarfi félaga sem starfa undir merkjum KPMG á alþjóðlegum vettvangi. Haldin eru skemmri og lengri námskeið þar sem fjallað er um aðferðafræði, áhættumál, gæðastarf, persónulega færni og fleira sem starfsmönnum gagnast í daglegum störfum. Starfsfólk KPMG á Íslandi tekur virkan þátt í þessari fræðslu og á hverju ári sækja hópar starfsmanna sér þekkingu á þessum alþjóðlegu námskeiðum. Þjálfun leiðbeinenda fer einnig fram í alþjóðlegu samstarfi og síðan halda viðkomandi leiðbeinendur námskeið þegar heim er komið og miðla þannig þeirri þekkingu sem ætlast er til að starfsmenn tileinki sér. Mörg þeirra námskeiða eru skyldunámskeið fyrir þá sem sinna tiltekinni þjónustu og á þann hátt er tryggt að starfsmenn hafi ávallt tileinkað sér það nýjasta og besta sem völ er á. Auk þeirra námskeiða og fræðslu sem KPMG aflar og miðla meðal starfsmanna sinna eru margir sem bæta við þekkingu sína hjá íslenskum menntastofnunum. Meðal annars eru margir sem sækja sér framhaldsmenntun sem dugar til að afla réttinda og löggildingar til starfa sem sérfræðingar og endurskoðendur.

2. Gæðaeftirlit

2.7 Innra eftirlit

Eftirlitskerfi KPMG felur í sér reglulega athugun og mat á eftirfarandi atriðum:

- Hvort reglur og verklag fyrirtækisins séu fullnægjandi og faglega við hæfi.
- Fyrirkomulagi og notagildi aðferða við gæðaeftirlit, kennsluefnis og fræðslu.
- Rétttri og árangursríkri framkvæmd reglna og verklags þannig að skýrslur og aðrar afurðir KPMG séu við hæfi í viðkomandi tilvikum.
- Árangri sí- og endurmenntunarmála fyrirtækisins.
- Fylgni við faglega staðla og fyrirmæli í lögum og reglum.

KPMG á Íslandi styðst að miklu leyti við hugbúnað sem KPMG International hefur gert svo sem Sentinel og KICS til að hafa eftirlit með því að starfsmenn fylgi reglum og verklagi fyrirtækisins.

Fylgni KPMG á Íslandi við reglur og verklag fyrirtækisins er skoðuð reglulega í samvinnu við óháða aðila og er einkum stuðst við eftirfarandi kerfi:

- **Gæðaeftirlit** (Quality Performance Review Programme – QPR). QPR er framkvæmt árlega og með því er lagt óháð mat á gæði verkefna og fylgni þeirra við reglur og verklag samkvæmt faglegum stöðlum. Kerfi þetta er hannað til að mæta kröfum ISQC 1. QPR eftirlit er framkvæmt undir forystu eigenda sem ekki hafa unnið í þeim verkefnum sem valin eru í gæðaúttekt, hafa viðeigandi reynslu og teljast hlutlausir.

Eftirlitskerfið gerir ráð fyrir að öll skráð félög í endurskoðun séu skoðuð á fimm ára fresti og hver eigandi skoðaður á að minnsta kosti þriggja ára fresti. Skoðað er hvernig skipulagi og framkvæmd hefur verið háttáð, þar á meðal óhæði, samþykki viðskipta og áframhaldandi viðskipti, frammistaða starfsmanna, einstakir þættir endurskoðunarvinnu og skjölun.

- **Áhættueftirlit** (Risk Compliance Programme – RCP). RCP er framkvæmt árlega og er ætlað að leggja mat á fylgni KPMG á Íslandi við reglur og verklag KPMG International og íslenskar reglur um áhættumál. RCP styður einnig fyrirtækið í því að sýna fram á að það fylgi alþjóðlegum reglum og stöðlum varðandi heiðarleika og gæði.
- **Alþjóðleg úttekt** (Global Compliance Review – GCR). GCR er framkvæmt á þriggja ára fresti og miðar að því að kanna hvort félagið hafi fylgt alþjóðlegum reglum KPMG um gæða- og áhættumál.

KPMG á Íslandi ber ábyrgð á því að meta niðurstöður allra þeirra eftirlita sem að framan greinir, fara yfir hvar þörf er á aðgerðum, miðla niðurstöðum til viðeigandi eigenda og starfsmanna innan fyrirtækisins og semja og innleiða aðgerðaáætlanir eftir þörfum. Aðilar innan fyrirtækisins, fulltrúar frá svæðisskrifstofu KPMG í Evrópu og KPMG International fylgjast reglulega með að aðgerðaáætlunum sé fylgt eftir og að viðeigandi árangri sé náð.



2. Gæðaeftirlit

2.8 Ytra eftirlit

KPMG á Íslandi lýtur eftirliti samkvæmt 22. gr. laga nr. 79/2008 um endurskoðendur. Er þar gert ráð fyrir að endurskoðunarfyrirtæki sem annast endurskoðun eininga tengdum almannahagsmunum skuli sæta gæðaeftirliti eigi sjaldnar en á þriggja ára fresti. Þessar auknu kröfur komu nýjar inn í lögin sem tóku gildi 1. janúar 2009.

Framkvæmd þessa gæðaeftirlits er í höndum endurskoðendaráðs. Fram hefur komið af hálfu endurskoðendaráðs að lögð verði áhersla á að endurskoðunarfyrirtæki uppfylli ákvæði laga og reglna sem um starfsemi þeirra gilda og ákvæði um gæðastjórnunarkerfi samkvæmt alþjóðlega gæðastaðlinum ISQC 1 (International Standard on Quality Control 1). Jafnframt beinist gæðaeftirlitið að því að ganga úr skugga um að endurskoðendur hafi í störfum sínum uppfyllt kröfur annarra alþjóðlegra staðla (ISA, ISRE) um endurskoðun og könnun.

Gæðaeftirlit endurskoðendaráðs var síðast framkvæmt hjá KPMG ehf. á árinu 2015.

2.9 Skuldbinding KPMG varðandi gæðamál

KPMG heitir því að fylgja eftir þróun á þeim mörkuðum sem það starfar á með því að taka þátt í nauðsynlegum rannsóknum og þróun til að viðhalda gæðakröfum um endurskoðun og önnur verkefni og með því að fylgjast grannt með öllum breytingum sem verða í umhverfinu vegna almennra væntinga og vegna breytinga á lögum og reglum.

KPMG mun áfram nýta og þróa frekar tól og aðferðir sem leiða til þess að veitt verði gæðapjónusta hjá fyrirtækinu meðal annars varðandi endurskoðun.

3. Staðfesting stjórnenda

Skýrsla þessi hefur hlotið samþykki stjórnar KPMG ehf.

Framkvæmdastjóri og fulltrúar í stjórn KPMG ehf. staðfesta hér með skilvirkni innra gæðaeftirlitskerfis fyrirtækisins og að óhæðisreglum þeim sem lýst er hér að framan sé fylgt í starfsemi fyrirtækisins.

Jón Sigurður Helgason, framkvæmdastjóri

Svanbjörn Thoroddsen, stjórnarformaður

Símon Á. Gunnarsson, varaformaður

Helga Harðardóttir

Sigurður Jónsson

Soffía Eydís Björgvinsdóttir

Skrá yfir einingar tengdar almannahagsmunum sem KPMG á Íslandi annaðist lögboðna endurskoðun fyrir á næstliðnu fjárhagsári (á árinu 2015 vegna reikningsársins 2014).

Eik fasteignafélag hf.	Landsbréf hf.
Eimskipafélag Íslands hf.	Landsnet hf.
Farice ehf.	Lánasjóður sveitarfélaga ohf.
Félagsbústaðir hf.	Lífeyrissjóður verkfræðinga
FÍ fasteignafélag slhf.	Marel hf.
Fjarðabyggð	Mosfellsbær
Fjarskipti hf.	MP Banki hf.
Fljótsdalshérað	Nýherji hf.
Foss fasteignafélag slhf.	Orkuveita Reykjavíkur
Garðabær	Rangárþing ytra
Hafnarfjarðarkaupstaður	Reginn hf.
Hagar hf.	Reitir II ehf.
HB Grandi hf.	Reykjavíkurborg
HS Orka hf.	Straumur fjárfestingabanki hf.
Icelandair Group hf.	Tryggingamiðstöðin hf.
Landsbankinn hf.	Vátryggingafélag Íslands
Landfestar ehf.	Vopnafjarðarhreppur



kpmg.com/socialmedia



kpmg.com/app



© 2015 KPMG ehf. á Íslandi er aðili að alþjóðlegu neti KPMG, samtökum sjálfstæðra fyrirtækja sem aðild eiga að KPMG International Cooperative (“KPMG International”), svissnesku samvinnufélagi. Allur réttur áskilinn.